

# Minning

Kjartan Jóhannesson frá Herjólfsstöðum  
Fæddur 17. júlí 1913. Dáinn 30. ágúst 1990.

Á árinu, sem nú er senn til enda gengið, missti Jökla-  
rannsóknafélag Íslands einn af sínum áhugasömu og  
traustu félögum. Kjartan Jóhannesson frá Herjólfs-  
stöðum andaðist þann 30. ágúst s.l. Hann var fæddur  
að Söndum í Meðallandi, en sá bær stóð raunar á  
hólma í Kúðafljóti. Þaðan flýði móðir hans með  
hann og árinu eldri bróður þann 12. október 1918  
austur yfir eystri kvísl fljótsins undan Kötluhlaupinu,  
sem geystist niður fljótið. Skall þar hurð nærri hælum  
svo sem víðar þann dag. Bærinn stóð eftir  
umkringdur hárrí jakahrönn, jörðin fór í eyði og  
meginhluti bústofnsins fórst í hlaupinu. Foreldrar  
Kjartans fluttu eftir þetta að Herjólfsstöðum í  
Álftaveri og þar ólst Kjartan upp. Af þessu er ljóst að  
snemma kynntist Kjartan Kötlu og framferði hennar,  
en þeim þætti sýndi hann síðar mikinn áhuga og gerði  
sér far um að skoða og skilja. Grunar mig að hann  
hafi að lokum átt yfir að ráða djúpstæðari þekkingu á  
þessu sviði en kannski nokkur annar. Ekki man ég nú  
í svipinn hvenær fundum okkar bar fyrst saman en  
nokkuð á annan áratug mun nú vera frá því. Við  
töludumst við í síma og höfðum bréfaskipti. Hann  
sendi mér líka afrit af bréfum til vina og kunningja  
þar sem hann fjallaði um ýms mál mest  
náttúrufræðilegs og sögulegs eðlis. Þannig safnaðist  
til mín bunki bréfa, ýmist handskrifaðra eða  
vélritaðra og telur það nú 520 síður í A4 formi, og  
eru þá ekki taldar greinar, sem birst hafa í blöðum.

Vegna þessara kynna af Kjartani hefur mér orðið æ  
erfiðara að hugsa mér hann sitjandi yfir blöðum með  
tölum sem varða skatta og skyldur. Ég fann að hans  
„frjáls og auðugur andi sér átti og nýtti álfaslot  
hverjum í hamri“ og að hugðarefni hans voru á öðru  
sviði. Hitt varð mér ljóst að hverju því starfi, sem  
Kjartan tók að sér, því var vel borgið. Hann var


traustur af traustum stofni. Við ræddum margt,  
vorum stundum á öndverðum meiði, en deildum  
aldrei. Minnisstæðust er mér ferð með þeim bræðrum  
að Öldufellsjökli 1984 til mælinga, en þær hafði  
Kjartan og Gissur bróðir hans haft á hendi um lengri  
tíma. Nú hafði jökullinn gengið nokkuð fram.

Þetta var einstaklega skemmtileg og fróðleg ferð í  
fögru veðri. Mér varð þá ljóst að Merkigiljasandur er  
ekki sandur í þess orðs venjulega skilningi heldur auri  
og sandi þakin mikil hraunbunga með dyngjulögum.  
Hraunin virðast komin úr stórrí eldstöð suðvestan  
undir Öldufelli sem þá var sýnileg við jökulrönd, en  
gæti nú á ný verið horfin undir jökul. Þaðan og úr  
Kötlu sjálfri ætla ég að mest ef ekki öll hraunin á  
Mýrdalssandi séu komin, en engan veginn úr Eldgjá  
eins og lengi hefur verið fullyrt. Kjartan hafði áður  
sent mér nokkra fallega aragonit-mola, sem hann  
fann við jökulinn. Nú mátti þar finna fleiri slíka í  
holum í hrauninu. Þykir það benda til þess að þar sé  
jarðhiti ekki fjarri. Kjartan safnaði að sér miklum  
fróðleik, náttúrufræðilegum og sögulegum um  
Álftaver og Kötluvæðið. Út frá staðþekkingu sinni  
gat hann fundið eðlilega skýringu á ýmsu því, sem  
aðrir höfðu með litlum árangri glímt við og lent á  
villigötum. Of margt af því hefur ekki- og kemur vart  
fyrir almennings sjónir, því miður: „oss fylgir svo  
margt í moldu“.

Jökla-  
rannsóknafélagi Íslands ber að heiðra minningu  
Kjartans Jóhannessonar. Með honum er horfinn  
mikill og traustur áhugamaður, óvenju frjór  
gáfumaður og góður drengur.

Garðabæ á gamlársdag 1990

Jón Jónsson



*Kjartan Jóhannesson*



*Öldufellsjökull við Axlir. Ljósmynd: Jón Jónsson, 30 ágúst, 1984.*